



KRUMMI

Icelandic Austrian Music

er austurrísk hljómsveit sem spilar íslenska þjóðlagatónlist í nýrri útsetningu sem einkennist af kímni, frásagnargleði og ástríðu fyrir Íslandi.

Meðlimir hljómsveitarinnar eru allir faglistamenn, fjórir hljóðfæraleikarar og íslensk söngkona, Ellen Freydís Martin.

Hljómsveitin gaf út sinn fyrsta geisladisk árið 2016 með 10 þekktum þjóðlögum, þar á meðal „Krummi svaf í klettagjá“, „Á Sprengisandi“ og „Sofðu unga ástin mín“.

Tónlistardiskurinn var kynntur með vel heppnuðu tónleikahaldi víða um Austurríki, þar á meðal í Vínarborg. Hljómsveitin hefur fengið lof fyrir nýstárlegan og ferskan tónlistarstíl, auk þess sem tónleikagestir skemmtu sér konunglega: http://www.krummi.at/is_IS/concerts/reviews/

Íslensku vísurnar voru útsettar í sameiginlegum spuna hópsins þar sem hin sérstaka hljóðfæraskipan fær notið sín til fulls og gömlu þjóðsögurnar fá á sig nýjan og ferskan blæ. Hér má heyra upptökur af nokkrum lögum af geisladiskinum: http://www.krummi.at/is_IS/media/

Sumarið 2018 ætla Krummi að heimsækja Ísland og fyrirhuguð er tónleikaferð víða um landið. Dagskrá tónleikanna leggur áherslu á að fá áheyrendur til þess að hverfa með tónlistinni og frásögum sem Ellen Freydís segir á milli laga um ævintýraheim íslenskrar náttúru, þar sem álfar og tröll, hrafnar og huldufólk vakna til lífsins. Dagskrá tónleikanna er flutt á þremur tungumálum: íslensku, ensku og þýsku, og getur hún leikið bæði með eða án rafmagns (acoustic).

Ellen Freydís Martin/ Vocals: ‚Söngur‘

Nora Schnabl-Andritsch/ Percussion/ Vocals: ‚Trommur‘

Roman Pechmann/ Akkordeon: ‚Harmónikka‘

Peter Andritsch/ Viola: ‚Lágfiola‘

Carles Muñoz Camarero/ Violoncello: ‚Sello‘

Áhugasamir geta haft samband við

Susan Martin

+354 865 2588 - susanmartin89@hotmail.com

Ellen Freydís Martin

+43 (676) 87 72 71 72 - alpaellen@aon.at

www.krummi.at

KRUMMI

Icelandic Austrian Music

Hljómsveitin

Ellen Freydis Martin | Vocals: „Söngur“



Söngkonan, Ellen Freydis Martin, fæddist árið 1964 í Reykjavík. Hún fluttist búferlum til Austurríkis árið 1993 og settist að í Villach, ásamt eiginmanni sínum og tveimur sonum. Maður hennar, Dr. Orthulf Prunner, er mörgum Íslendingum ekki alls ókunnugur því hann var meðal annars organisti í Háteigskirkju í 16 ár.

Ellen Freydis stundaði söngnám við Söngskólann í Reykjavík undir leiðsögn Dóru Reyndal og þaðan lá leiðin í óperudeild Julliard University í New York, þar sem hún naut leiðsagnar Prófessors Oren Brown og Vincent la Selva. Hún tók þátt í meistarakúrsum (Master Class) meðal annars í Kaupmannahöfn og Osló hjá Próf. Oren Brown og Berit Hallquist og í Vínarborg hjá Jill Feldmann, Jessica Cash og Hugo

Alberto Lamas.

Ellen Freydis kom heim árið 1995 til að taka þátt í uppsetningu á „Master Class Maria Callas“ í Gamla Bíói, undir leikstjórn Bjarna Hauks Þórssonar og einnig lék hún og söng í uppsetningum hjá barna- og farandleikhúsinu „Nanu Theater“ í Austurríki. Hún er söngkennari og raddþjálfari í tónlistardeild rómversk-kaþólsku kirkjunnar í Villach síðastliðin 15 ár, auk þess sem hún stjórnar kirkjukór og gospelkór „StimmMix“, sem hún stofnaði fyrir 2 árum síðan.

Ellen Freydis hefur mikla fjölbreytni í tækni og stíl og hefur hún notið samstarfs með ólíkum tónlistarmönnum og hljómsveitum, allt frá jazz „Big Band“ til símfóníuhljómsveita. Hún hefur víða komið fram í Austurríki, meðal annars á öllum helstu tónlistarhátíðum í héraðinu Carinthia, þar sem hún nýtur vinsælda sem einsöngvari og raddþjálfari kóra og einstaklinga.

Nýjasta verkefnið hennar er stofnun hljómsveitarinnar: “Krummi og hinir Alpafuglarnir” sem árið 2017 hélt tónleikaröð víða um Austurríki í tilefni af útgáfu samnefnds geisladisks með þekktum íslenskum þjóðlagavísu í nýrri útsetningu undir mið-evrópskum áhrifum.

Nora Schnabl-Andritsch | Percussion | Vocals: „Trommur“



Nora stundaði nám í tónlistarmiðlun til ungra barna og við rythma- og slagverksdeild Lista- og tónlistarháskólanum í Vínarborg, þaðan sem hún útskrifaðist sem Magistra artium. Nú kennir hún rytmik, trommur og slagverk, útsetningar fyrir slagverkshljóðfæri, undirleik við hreyfilist og hljóðfærasmíðar við sama háskóla. Þá kennir hún rythma í deildinni fyrir klassískan dans við MUK, en það er Konservatorium í Vínarborg.

Að auki starfar Nora sem sjálfstæð tónlistarkona og kennari á sviði tónlistarmiðlunar, einkum fyrir blinda, heyrnalaus og þroskahefta, á sviði tónlistarsköpunar og spuna í myndum, tónum og dansi. Hún hefur komið víða fram og spilað inn á hljómlistarupptökur, meðal annars hjá Ed Schabl Trio og Susönnu Heilmayr. Hún og fjölskylda hennar er búsett í Vínarborg þar sem hún er fædd og uppalin.

KRUMMI

Icelandic Austrian Music

Roman Pechmann | Akkordeon: ‚Harmónikka‘



Roman stundaði nám við harmóníku- og slagverksdeildina í Konservatorium í Bratislava, í heimalandi sínu Tékklandi. Hann hélt námi sínu áfram við Landeskonservatorium í Klagenfurt í Austurríki hjá finnska harmónikkusnillingnum Mika Väyrynen og lauk einleiksprófi með yfirburðum hjá James Crabb og Geir Draugsvoll frá Lista-og Tónlistarháskólanum í Vínarborg.

Roman hefur víða haldið tónleika og tekið þátt í tónlistarsamkeppnum m.a. í Slóvakíu, Austurríki, Slóveníu, Króatíu, Þýskalandi, Ungverjalandi, Danmörku og Noregi. Þá hefur hann spilað í útsendingum Ríkisútvarps Slóvakíu og Austurríkis.

Roman starfar sem einleikari og meðlimur kammersveita og ýmissa hljómsveita, má nefna Ensemble Kreativ, Mahler Ensemble, Akkordeonduo ConTakt, Toujour Mozart, QuintAkkord, AusTrio, Duo FinePlus, TriForma og Óperunni í Klagenfurt. Hann er kennari við harmóníku-eild Konservatorium í Klagenfurt þar sem hann er búsettur með fjölskyldu sinni.

Peter Andritsch | Viola: ‚Lágfiola‘



Peter stundaði nám við Konservatorium í Graz og seinna við Lista-og Tónlistarháskólann í Vínarborg undir leiðsögn Thomas Kakuska, Hatto Beyerle og Ilse Wincor. Hann útskrifaðist úr tónlistardeildinni sem Magister artium og síðar sem einleikari á lágfiölu frá Tónlistarháskólanum í Hannover í Þýskalandi.

Hann tók þátt í ýmsum meistarakúrsnum (Master Class), m.a. hjá Thomas Riebl, Bruno Giuranna og Siegfried Führlinger. Þá er Peter nýútskrifaður úr jazz-og spunadeild fyrir strengjahljóðfæraleikara frá Háskólanum Bruckner Universität í Linz í Austurríki.

Peter hefur farið víða í tónleikaferðir og spilað á fjölmörgum hljóðupptökum. Hann hefur verið hljómsveitarmeðlimur hjá helstu strengja-og símfóníuhljómsveitum Austurríkis og Þýskalands, m.a. Wiener Symphoniker, Camerata Academica í Salzburg, Wiener Kammerorchester, Óperunni í Hannover og í Hamburg, undir stjórn mikilla meistara eins og t.d. Nikolaus Hannoncourt, Jordi Savall, Roger Norrington, Sándor Végh og fleirum.

Peter er framkvæmdarstjóri og umboðsmaður ýmissa tónlistarhátíða og menningarviðburða í Austurríki og er umboðsmaður „Krumma og hinna Alpafuglanna“.

Carles Muñoz Camarero | Violoncello: ‚Sello‘



The Cellist Carles Muñoz, born in Barcelona, began his musical journey at the age of five. In 2012 he completed his studies for the cello as well as his secondary instrument – the viol – at the Catalonia Collage of Music (ESMuC), along with his Masters/ Bachelor in Journalism at the Ramon Llull university.

After the completion of the the more classical fields of study he turned towards other parts in the world of music. Amongst others, traditional musik, Jazz, Flamenco. Here Improvitation was always a priority. To further his abilities he started studying the jazz violonchello at the Anton Bruckner private university under the tutorlage of Andreas Schreiber.

His teachers also included Anau Tomàs (Cuarteto Casals), Ernst Reijseger and Peter Herbert.

Currently his talents are can be heard on tour from Norway down to Spain, form Portugal to Austria: Billy&Johnny (Freaky-Folk), Lofoten Cello Duo (traditional musik) SIMSA Fünf (Jazz Quintet) ZINQ (classic Jazz), Laures (Yodling and Vocals). He has been on stage with Raynald Colom (trumpet), Neil Harbisson (Cyborg-Aktivist) Aupa Quartett (Jazz Strinquantet) and Wouter Vandenaabele (Folk Violinist).

<https://www.billyandjohnny.com> | <https://www.lofotencelloduo.com>



Hafa samband

Peter Andritsch
Anton Stidlgasse 8
AT-2325 Himberg / Vín
+43 664 420 41 80 - info@krummi.at
www.krummi.at